

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins,  
stjórnarfundur á Teams,  
13. febrúar 2024  
kl. 17:00 - 18:30**

Mættir stjórnarmenn: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, varaformaður, Jón Baldvin Hannesson, ritari, Hilmar Friðjónsson, gjaldkeri, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson og Karen Malmquist.  
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

**1. Aðalfundur Eyjafjarðardeildar, ákvörðun um dagsetningu og skipun kjörnefndar fyrir aðalfund**

Aðalfundur verður haldinn 14. mars 2024. Næsti fundur stjórnar verður haldinn 7. mars þar sem farið verður yfir ársreikning 2023 og hann áritaður. Kjörnefnd fyrir aðalfundinn skipa: Sveinn Arnarsson, formaður, Sif Jóhannesar-Ástudóttir (kemur í stað Valdísar Gunnlaugsdóttur) og Jóhann Þorsteinsson. Aðalfundurinn verður vel auglýstur, boðið upp á veitingar og sjálfbóðaliðar og aðrir félagar hvattir til þess að mæta.

**2. Kynning á þarfagreiningu sem ætlunin er að vinna með skjólstæðingum Frú Ragnheiðar og öðrum sem eru í neyslu og/eða eru heimilisláusir**

Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri, kynnti könnun sem verður gerð meðal skjólstæðinga Frú Ragnheiðar og annarra sem eru heimilisláusir og/eða nota vímuefni á starfssvæði deildarinnar. Stjórnarmenn ræddu lítilla orðalag og framkvæmd en leist að öðru leyti afar vel á framtakið.

**3. Starfsmannamál**

Deildarstjóri gerði grein fyrir þessum dagskrárlið.

**4. Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi**

Skráning á Aðalfund Rauða krossins á Íslandi sem haldinn verður í maí bíður fram yfir aðalfund Eyjafjarðardeildar.

**5. Önnur mál**

Farið yfir stöðuna í fataverkefni deildarinnar. Í farvatninu eru ýmsar breytingar, m.a. á ábyrgð sveitarfélaga og flutningi á umframtextíl, í kjölfar endurskoðaðra laga og nýrrar reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Sigríður Stefánsdóttir  
Jón Baldvin Hannesson  
Hilmar Friðjónsson

Karen Malmquist  
Kristín Björk Gunnarsdóttir